

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 10/2022

frá 3. febrúar 2023

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/835 frá 25. maí 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Primer Stain TIP í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/866 frá 25. maí 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Primer PIP í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/874 frá 1. júní 2022 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru sem inniheldur N-(tríklórómetylþíó)þalimíð (fólpet) sem Holland (Niðurland) vísaði áfram í samræmi við 1. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzza (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1388) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzb. **32022** **D** **0835:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/835 frá 25. maí 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Primer Stain TIP í samræmi við reglugerð

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 147, 30.5.2022, bls. 49.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 151, 2.6.2022, bls. 68.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 152, 3.6.2022, bls. 187.

Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 147, 30.5.2022, bls. 49).

12zzzzzzzzc. **32022 D 0866:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/866 frá 25. maí 2022 um óleyst andmæli varðandi skilmála fyrir veitingu leyfis fyrir sæfivörunni Primer PIP í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 151, 2.6.2022, bls. 68).

12zzzzzzzzd. **32022 D 0874:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/874 frá 1. júní 2022 um skilmála og skilyrði leyfis fyrir sæfivöru sem inniheldur N-(tríklórómetýlþíó)þalimíð (fólpet) sem Holland (Niðurland) vísaði áfram í samræmi við 1. mgr. 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 152, 3.6.2022, bls. 187).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2022/835, (ESB) 2022/866 og (ESB) 2022/874, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.